

stæður og einnig að henni hafi verið ekið inn á hið afmarkaða bifreiðastæði. Þá hefur ekki verið sýnt fram á nein þau atvik önnur í akstri bifreiðarinnar G-10901, sem leiði til sakar stefndu.

Með hliðsjón af ofanrituðu verður að telja að stefnandi verði sjálf að bera tjón sitt sem af árekstrinum varð. Samkvæmt því ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, María Thors, Þórhallur Óskarsson og Samvinnutryggingar g.t., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Svövu Kristinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1989.

Nr. 389/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Páli Rúnari Elíssyni

(Örn Clausen hrl.)

Umferðarlög. Ökuleyfissvipting. Ölvun. Nytjastuldur. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. nóvember 1988 að ósk ákærða. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Héraðsdómur var kveðinn upp 24. ágúst 1984, en vegna fjarveru ákærða frá landinu ekki birtur fyrr en 21. október 1988. Dæmt er um þrjár ákærur, frá 25. mars 1983, 9. maí 1983 og 7. mars 1984.

Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af broti samkvæmt ákæru 25. mars 1983 en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar. Varðandi ákæru 9. maí 1983 krefst hann aðallega sýknu af broti samkvæmt 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og vægustu refsingar fyrir brot gegn umferðarlögum. Til vara krefst hann vægustu refsingar fyrir bæði ákæruatriðin. Þá krefst hann vægustu refsingar af broti samkvæmt ákæru 7. mars 1984. Loks krefst hann málsvarnarlauna.

Umferðarlög nr. 40/1968 féllu úr gildi við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 hinn 1. mars 1988. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga skal dæma um brot ákærða eftir nýrri lögunum. Af hálfu ákæruvalds er varðandi ákæru 25. mars 1983 vitnað til 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Varðandi ákæru 9. maí 1983 er vitnað til 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Með skirskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um að ákærði hafi gerst brotlegur við þau refsíákvæði sem í ákærum greinir, þó með þeim breytingum sem leiða af gildistöku nýrra umferðarlaga, en ákæruvaldið hefur réttilega gert grein fyrir þeim eins og rakið er hér að ofan. Þá þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm varðandi refsimat, ökuleyfisviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 24. ágúst 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru fyrir sakadómi Árnessýslu á hendur Páli Rúnari Elíssyni mat-

reiðslumanni, áður til heimilis Austurmörk 4, Hveragerði, en nú til heimilis Ferjubakka 10, Reykjavík, dvalarstaður Austurgata 8, Keflavík, fyrir eftirfarandi háttsemi:

1) Skv. ákæru, dags. 25. mars 1983, að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. nóvember 1982 ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni V-1085 á Ferjubakka í Reykjavík uns akstri hans lauk þar á bifreiðastæði við Ferjubakka 10 - 16.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

2) Skv. ákæru, dags. 9. maí 1983, fyrir að taka í heimildarleysi fimmtudaginn 10. mars 1983 bifreiðina Þ-1543, þar sem hún stóð á bílasölu Guðfinns í Ármúla 7 í Reykjavík, og aka henni, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, um götur borgarinnar uns bifreiðin varð bensínlaus á Hverfisgötu þar sem hann lagði bifreiðinni, vitja síðan bifreiðarinnar laugardaginn 12. mars og aka henni til Hafnarfjarðar og síðan til borgarinnar aftur, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á athafnasvæði Vöku hf., Stórhöfða 3.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

3) Skv. ákæru, dags. 7. mars 1984, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 27. okt. 1983 farið inn í íbúðir að Krossholti 11 og Baugholti 12 í Keflavík og stolið í síðarnefnda húsinu skjalatösku, sem hafði að geyma 14.264 krónur í peningum og ávísunum, útfylltum víxlum, að fjárhæð kr. 96.228, og vasatölvu.

Telst þetta varða við 24. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í öllum ofangreindum ákærum er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, en auk þess er gerð sú krafa í ákæru dags. 25/3 1983 að ákærði verði sviptur rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi.

Málavextir.

II.

1) Skv. ákæru, dags. 25. mars 1983, barst lögreglunni í Reykjavík laugardaginn þann 27. nóv. 1982 tilkynning um að ölvaður ökumaður væri á bifreið við Ferjubakka 10, Reykjavík. Skv. lögregluskýrslu um þetta segir að lögreglumenn hafi komið þangað skömmu síðar og hafi þá nokkrir menn verið að ræða saman austan við hús nr. 10. Er menn þessir orðu lögreglu varir hljóp einn þeirra, ákærði í máli þessu, inn í gegnum undirgöng sem þar voru og inn í anddyri hússins nr. 10. Maður að nafni Lárus Viggósson, sem þarna var, veitti þá ákærða eftirför og hindraði honum inngöngu úr anddyri inn á stigagang.

Handtöku lögreglumenn ákærða þarna á vettvangi og færðu hann yfir í lögreglubifreið. Þarna á staðnum skýrði framangreindur Lárus lögreglumönnum frá því að hann hefði verið að aka bifreið sinni á bifreiðastæði þarna við Ferjubakka 10, er hann hafi veitt bifreiðinni V-1085 athygli, þar sem henni var ekið óvarlega á bifreiðastæðinu og munað litlu að henni hefði verið ekið á hans bifreið. Að sögn Lárusar þessa stöðvaði ákærði ofangreinda bifreið V-1085 þarna á bifreiðastæðinu og kom ákærði út úr bifreiðinni. Kvaðst Lárus hafa rætt við ákærða og fann þá sterkan áfengisþef frá ákærða. Kom Lárus þessi síðan boðum til lögreglu.

Þarna á vettvangi gaf sig einnig fram Berglind Svansdóttir sem kvaðst hafa verið með ofangreindum Lárusi í bifreið hans og var frásögn hennar á sömu lund og Lárusar.

Farið var með ákærða á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Gaf ákærði í fyrstu upp rangt nafn og neitaði hann þar að hann hefði ekið framangreindri bifreið. Hann hafi einungis verið að hlusta á segulband sem var í bifreiðinni.

Farið var síðan með ákærða á Slysadeild Borgarspítalans þar sem tekið var úr honum blóðsýni. Reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,71‰.

Lögreglumenn fundu við handtöku ákærða lykla ofangreindrar bifreiðar V-1085 á gólfi í anddyri Ferjubakka 10. Þá segir enn fremur í lögregluskýrslu að hreyfill bifreiðar þessarar hafi verið heitur.

Ákærði var að blóðtöku lokinni fluttur í fangageymslu en var síðan formlega yfirheyrður daginn eftir. Kvaðst ákærði hafa komið að Ferjubakka 10 kvöldið áður til bræðra sinna og hafið þar drykkju um kl. 22:00. Um miðnætti hafi þeir bræður ásamt konu ákærða farið á dansleik í Glæsibæ og þeir farið þangað í leigubifreið. Í Glæsibæ kveðst ákærði hafa verið þar til dansleik lauk, en þá hafi þau farið aftur að Ferjubakka í leigubifreið. Á bifreiðastæði við Ferjubakka kvaðst ákærði hafa veitt því athygli að kona hans hefði lagt bifreið hans illa fyrr um kvöldið. Hafi hann beðið konu sína, sem ekki hafði neytt áfengis, að færa bifreiðina í annað stæði. Kveður ákærði konu sína hafa sest undir stýri bifreiðarinnar og hafi ákærði sest í aftursæti meðan kona hans færði bifreiðina. Hafi konan farið út úr bifreiðinni farþegamegin vegna þess hve nærri hún var næstu bifreið. Sjálfur kveðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni ökumannsmegin, en bifreiðin hafi verið tveggja dyra. Er út úr bifreiðinni komið kvaðst ákærði hafa farið að bifreiðinni sem var við hlið bifreiðar ákærða, en í henni hefði setið maður og kona. Kveðst ákærði hafa bankað á glugga hennar og hafi þá komið út úr henni maður og borið sig þeim sökum að hafa ekið bifreiðinni og beðið framangreinda konu að hringja á lögreglu. Segist ákærði hafa þráttað við mann þennan um stund. Rétt áður en lög-

regla kom segist ákærði hafa lagt af stað inn í húsið og hafi þá ofangreindur maður hlaupið á eftir sér og meinað sér inngöngu. Lögregla hefði síðan handtekið sig þar skömmu síðar.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki vilja skýra frá því, hvers vegna hann hafi gefið upp rangt nafn við handtöku.

Vitnið Lárus Viggósson, f. 08.07. 1957, kveðst hafa setið í bifreið sinni ásamt Berglindi Svansdóttur í ofangreindu bifreiðastæði við Ferjubakka, þegar bifreið með einkennisbókstafnum V kom akandi á mikilli ferð. Hafi ökumaður ofangreindrar bifreiðar stigið út úr henni en farið síðan aftur inn í hana og ekið henni enn lengra aftur á bak. Eftir það hafi hann farið að bifreið vitnisins og rifið upp bílhurðina og skammast yfir því að vitnið hafi lagt bifreið í þetta bílastæði. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan og svarað játandi spurningu vitnisins um að hann hefði verið að aka ölvaður.

Vitnið kveður ofangreinda Berglindi hafa farið til að hringja á lögreglu, en vitnið kveðst á meðan hafa verið úti á bifreiðastæðinu ásamt ákærða og hafi hann ausið svívirðingum yfir vitnið allan tímann, en þegar lögreglan hafi komið hafi ákærði hlaupið af stað, en vitnið kveðst hafa elt ákærða og það hafi aldrei misst sjónar af honum þar til lögreglan tók ákærða og fór með hann í burtu.

Vitnið Berglind Svansdóttir, f. 04.05. 1960, hefur skýrt frá málsatvikum á sömu lund og ofangreindur Lárus. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, reikulan í spori og hafi hann dottið á bifreið Lárusar. Hafi Lárus innt ákærða eftir hvort hann væri að aka ölvaður og hafi ákærði svarað því játandi.

Í framlagðri lögregluskýrslu voru höfð efnisleg atriði eftir eiginkonu ákærða, Aldísi Einarsdóttur. Skýrsla þessi er óstaðfest. Ofangreind Aldís hefur óskað að bera ekki vitni í máli þessu og verður því ekki byggt hér í þessu máli á ofangreindri lögregluskýrslu.

2) Skv. ákæru 9. maí 1983 kom Sigurjón Magnús Erlingsson föstudaginn 11. mars 1983 á lögreglustöð í Reykjavík kl. 19:00 og tilkynnti um þjófnað á bifreið sinni Þ-1543, þar sem hún hafði verið á bílasölu Guðfinns í Ármúla 7 í Reykjavík. Næsta dag, laugardaginn 12. mars, rétt fyrir hádegi, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um akstur ofangreindrar bifreiðar í Hafnarfirði. Kl. 14:45 barst lögreglunni tilkynning um að bifreiðin væri í porti athafnasvæðis Vöku hf. á Ártúnshöfða. Fóru lögreglumenn á vettvang og stöðvuðu ofangreinda bifreið, þar sem henni var ekið af athafnasvæði Vöku hf. Ökumaður bifreiðar þessarar, ákærði í máli þessu, sem sviptur var ökuréttindum ævilangt, tjáði lögreglumönnum að hann hefði farið á bílasölu Guðfinns fimmtudaginn 10. mars 1983 og fengið hjá sölumanni kveikjulaslykla bifreiðarinnar. Hafi hann síðan ekið bifreiðinni til

reynslu, en hún orðið bensínlaus á Hverfisgötu og hafi hann skilið bifreiðina eftir þar. Ákærði kvaðst síðan hafa sett bensín á bifreiðina á laugardag, ekið henni til Hafnarfjarðar og þaðan á athafnasvæði Vöku hf. Kvaðst hann síðan hafa ætlað að aka börnum, sem hann var með í bifreiðinni, á Kleppsveg og því næst ætlað að skila bifreiðinni.

Af hálfu lögreglu var haft samband við Ragnar Lövdahl, starfsmann bílasölnunar, og kvað hann engan starfsmann þar muna að hafa afhent lykla bifreiðarinnar og það ávallt brýnt fyrir mönnum að aka ekki út af athafnasvæði bílasölnunar þegar bifreið væri skoðuð.

Við frekari yfirheyrslur hefur ákærði skýrt svo frá að hann hafi fengið lykla ofangreindrar bifreiðar þar sem hann ætlaði að reynsluaka henni. Hafi hann ekið um götur Reykjavíkur og verið á leið til að skila bifreiðinni þegar hún varð bensínlaus á Hverfisgötu. Kvaðst ákærði síðan hafa farið á bílasöluna sem þá hefði verið lokað. Hafi hann ekkert gert í málinu, þar eð hann hafi skammast sín fyrir að vera að aka ökuréttindalaus, og einnig óttaðist hann að bifreiðin hefði bilað.

Á laugardag kvaðst ákærði hafa farið og athugað hvort bifreiðin væri enn á sama stað og þá sett á hana bensín og síðan ekið henni eins og að framan getur til Hafnarfjarðar og síðan í Ártúnshöfða. Ákærði kvaðst hafa ætlað að aka bifreiðinni að bílasölunni eftir að hann hefði skilað börnum þeim sem hann var með á Kleppsveg.

3) Skv. ákæru, dags. 7. mars 1984, var fimmtudaginn 17. okt. 1983 óskað aðstoðar lögreglu að Krossholti 11, Keflavík. Þar á staðnum hittu lögreglumenn fyrir íbúa, konu og dóttur hennar, og voru þær í miklu uppnámi og sögðu mann hafa ruðst inn á heimili þeirra þá skömmu áður, en tekið á rás út úr húsinu þegar hann varð þeirra var.

Þarna við húsið Baugholt 12, þarna rétt hjá, veittu lögreglumenn athygli grunsamlegum manni og þegar hann varð lögreglu var tók hann til fótanna en lögreglan náði honum og handtók. Við leit á manni þessum, ákærða í máli þessu, fundust tvö seðlaveski með peningum að upphæð kr. 3.570,00, ávísanir að upphæð kr. 10.694,00 og útfylltir víxlar að upphæð kr. 96.228,00. Ennfremur voru í veskjunum skilríki og vasatölva.

Ákærði hefur við yfirheyrslur viðurkennt að hafa farið inn í íbúðir í húsunum Baugholti 12 og Krossholti 11 í Keflavík, sem voru ólæstar, í þeim tilgangi að finna áfengi. Í húsinu Baugholti 12 hafi hann fundið skjalatösku og tekið hana. Töskuna hafi hann losað sig við áður en lögregla tók hann, en tekið áðurgreinda hluti sem fundust við leit á honum.

Ákærði mun engu hafa stolið í húsinu Krossholti 11.

Niðurstöður.

1) Skv. ákæru dags. 25. mars 1983:

Með hliðsjón af framburði vitnanna Lárusar Viggóssonar og Berglindar Svansdóttur svo og öðrum gögnum máls þessa þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem um getur í ákæruskjali dags. 25. mars 1983 og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

2) Skv. ákæru 9. maí 1983:

Með framburði ákærða svo og öðrum sakargögnum þykir sannað að ákærði hafi í heimildarleysi ekið bifreiðinni Þ-1543 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi um götur Reykjavíkur, svo sem nánar greinir í ákæruskjali dags. 9. maí sl. Eigi þykir sannað gegn staðfastlegri neitun ákærða að hann hafi í upphafi tekið bifreiðina í heimildarleysi. Á hinn bóginn var honum eigi heimilt að nota bifreiðina með þeim hætti sem hann gerði. Þykir háttsemi hans varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, svo sem greinir nánar í ákæru.

3) Skv. ákæru dags. 7. mars 1984:

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn máls þessa, þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árabílinu 1969 - 1982 sætt 19 refsíðómum fyrir ýmis hegningarlagabrot, svo og brot gegn umferðarlögum o.fl.]

Refsing ákærða verður tiltekin með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. alm. hgl.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði var með dómi uppkv. 26/6 1980 sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Hann hefur að því er best er vitað ekki öðlast þau að nýju og verður honum því ekki hér gerð frekari svipting.

Þá skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 8.000,00.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

Mál þetta hefur dregist einkum vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að ná til ákærða.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Rúnar Elísson, f. 25.08. 1953, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 8.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.